

Nd.

585. Nefndarálit

í málinu: Frumvarp til laga um breytingar á lögum um innheimtu og meðferð á kirknafé 22. maí 1890.

Vér, sem háttv. n. d. hefir falið að athuga frumv. þetta, leyfum oss að láta uppi álit vort á þessa leið:

Með ofanefndum lögum hefir löggjafarvaldið slegið því föstu, að sjóðum kirkna — annara en bændakirkna — skuli safnað saman í hinn almenna kirkjusjóð, og þeir verða ávaxtaðir þar. Þetta fyrirkomulag hefir þótt hentugt, ekki einungis vegna þess, að ætla má að þannig verði sjóðir hinna einstöku kirkna bezt tryggðir, heldur og hins, að með þessu er fenginn einn sjóður, sem lánað verður fé úr kirkjun, sem þess þarfnast, sérstaklega til endurbyggingar. Slíka nauðsyn getur oft borið að og það mjög óvænt, t. d. ef kirkja fýkur eða brennur.

Þessu fyrirkomulagi væri algerlega raskað með því að gera fyrirbyggjandi frumv. að lögum. Þá mundu sjóðir kirknanna verða ávaxtaðir hingað og þangað, og ekki verða að einni heild; auk þess yrði eftirlit með trygging þeirra erfitt.

Frumvarpið mun meðfram vera komið fram af því, að alveg sérstaklega stendur á með sjóð Möðruvallaklausturskirkju, sem var landsjóðs eign. Eftir ítrekaðar tilraunir frá hálfu löggjafarvaldsins, tók söfnuðurinn við fjárhaldi þeirrar kirkju, með því skilyrði, að sjóðurinn yrði afhentur til ávöxtunar í sparisjóð Arnarnesshrepps og söfnuðurinn fékk sjóðinn í hendur. — Gæti því að visu komið til álita, hvort ekki væri ástæða til að gera undantekning í þessu sérstaka tilfalli. En hvað sem því líður, er nefndin á einu máli um það, að rétt sé að halda þeirri grunvallarreglu, sem sett er um hinn almenna kirkjusjóð, og ræður því hinni háttv. deild frá að samþykkja frumvarpið.

Neðri deild alþingis 21. apr. 1909.

Sigurður Gunnarsson
formaður.

Pétur Jónsson.

Björn Sigfússon,
skrifari og framsögum.

Sigurður Sigurðsson.

Jón Jónsson
þm. S.-M.